

Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi 2006




Bifhjólasamtök Suðurlands - Postularnir

færðu barnadeild sjúkrahússins tvær PSP leikjatölvur, myndir, leiki og barnaleikföng að verðmæti rúml. 100 þúsund. Framlagið var samvinnuverkefni Glitnis útibúsins á Selfossi og Bifhjólasamtaka Suðurlands.



Landsbankinn á Selfossi

gaf stofnuninni breiðtjaldsskjá - að verðmæti rúml. 200 þúsund sem kemur sér afar vel fyrir starfsmenn og eflir tengingu innan og utan stofnunarinnar gagnvart fræðslu og fundum.



Á jólafundi Kvenfélags Selfoss

sem haldinn var 7. des. '06 afhenti félagið stofnuninni gjafir bæði fyrir sjúkrahúsið og heilsugæsluna. Sjúkrahúsið fékk afhent hjartastuðtæki að verðmæti 209 þúsund og heilsugæslustöðin barnahúsgögn, myndir og leikföng að verðmæti 100 þúsund.



Minningasjóður Ljósheima

gaf hjúkrunardeildinni að Ljósheimum súrefnis-mettunarmæli að verðmæti kr. 34.672,00.

**Verðmæti
gjafa
ársins
eru
tæplega
900
þúsund
krónur**



Á aðventunni kom umboðsmaður frá Toyota í Reykjavík færandi hendi með Panasonic flatskjá og tengingar fyrir sjúkra-deildina, að verðmæti kr. 200 þúsund. Einnig færði umboðsmaður Toyota á Selfossi sjúkra-deildinni DVD tæki að verðmæti kr. 25 þúsund. Fylgdarmenn umboðsmanna voru hljómsveitameðlimir í hljómsveitinni „Á móti sól“ ásamt Magna og voru spiluð jólalög og sungið fyrir börnin í setustofu deildarinnar.



Gabriel Werner Guðmundsson og Arnar Már Guðmundsson

gáfu sjúkrahúsi Suðurlands 760 kr. sem safnaðist með sölu járnlistaverka. Heilbrigðisstofnun Suðurlands þakkar þessum duglegu drengjum fyrir framlag þeirra.

Heilbrigðisstofnunin á Selfossi færir gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir og er ómetanlegt að eiga slíka stuðningsaðila. Þá bera gjafir þessar merki um hlýhug og metnað fyrir uppbyggingu stofnunarinnar til þess að veita íbúum Suðurlands sem öruggasta þjónustu.

**Megi Guðs blessun fylgja
þessum félögum og einstaklingum.**